



Nánari upplýsingar:  
[ec.europa.eu/erasmus-plus](https://ec.europa.eu/erasmus-plus)



Finndu Erasmus+ á samfélagsmiðlunum:

 Erasmus+

 #ErasmusPlus

Tengiliður:



ERASMUS+ STUDENT AND ALUMNI ALLIANCE

[www.esaa-eu.org](http://www.esaa-eu.org)

# RÉTTINDI OG SKYLDUR ERASMUS+ STÚDENTA

*Þetta yfirlit inniheldur upplýsingar um skyldur þínar sem skipti- eða starfsnemi, útskýrir reglur og upplýsir þig um hvers má vænta af heimaskóla þínum og móttökustofnun á öllum stigum þátttöku þinnar í Erasmus+.*

- + **Háskólastofnanir** sem taka þátt í Erasmus+ hafa skuldbundið sig til að virða undirstöðuatriði viðurkenningarinnar “Erasmus Charter for Higher Education” til að auðvelda, styðja og meta dvöl þína erlendis.
- + **Þú** skuldbindur þig til að virða þær reglur og skyldur sem fram koma í samningnum um Erasmus+ styrk sem þú hefur undirritað ásamt heimaskóla þínum.
- + **Erasmus+ Student and Alumni Alliance (ESAA)** býður þér ýmiss konar þjónustu fyrir og eftir dvölinu og á meðan á henni stendur.



## 1. skref: Áður en skipti- eða starfsnámið hefst

- + Þegar þú hefur verið valin(-n) til þátttöku í Erasmus+ áttu rétt á leiðsögn varðandi móttökustofnunina og viðfangsefni þín þar.
- + Þú átt rétt á upplýsingum um **einkunnagjöf** við móttökustofnunina og um ferli í tengslum við **vegabréfsáritun, tryggingar og húsnæðismál** frá heimaskóla og móttökustofnun ef við á. Þú finnur upplýsingar um tengiliði og upplýsingaveitur í samstarfssamningnum sem báðar stofnanir hafa undirritað.
- + Þú munt undirrita **samning um styrk** (jafnvel þótt þú hljótir ekki fjárhagslegan stuðning frá Erasmus+). Ef heimaskólinn þinn er í einu af þáttökulöndum<sup>1</sup> Erasmus+ er samningurinn undirritaður af þér og honum. Ef heimaskóli þinn er utan Evrópu er það annaðhvort heimaskóli eða móttökustofnun sem undirritar, eftir því hvaða fyrirkomulag er haft á stúdentaskiptunum. Að auki muntu skrifa undir **námssamning** ásamt heimaskóla og móttökustofnun. Góður undirbúningur fyrir námssamninginn er lykillinn að því að dvölin þín erlendis beri árangur og að hún verði metin. Námssamningurinn lýsir í smáatriðum viðfangsefnum þínum erlendis (að meðtöldum þeim einingum sem þú hlýtur erlendis og eru metnar til gráðu við heimaskóla).
- + Ef þú ert að fara til annars þáttökulands tekurðu tungumálapróf á netinu þegar þú hefur verið valin(-n) til þátttöku (ef það er í boði fyrir aðal tungumálið í skipti-/starfsnáminu), svo hægt sé að bjóða þér stuðning við hæfi ef nauðsynlegt þykir. Þú ættir að nýta þennan stuðning til fulls til að bæta tungumálakunnáttu þína upp að því marki sem móttökustofnunin mælir með.

## 2. skref: Meðan á skipti- eða starfsnáminu stendur

- + Þú ættir að **nýta til fulls alla þá námsmöguleika** sem móttökustofnun veitir þér, og á sama tíma að virða reglur hennar og að leggja þig fram um að standa þig sem best í prófum og öðru mati.
- + Móttökustofnunin þín skuldbindur sig til að koma fram við þig á sama hátt og aðra nemendur/starfsfólk, og þú ættir að leggja þig fram um að **lagast að nýja umhverfinu þínu eins og hægt er**.
- + Þú gætir notið góðs af tengslanetum eða mentoraverkefnum ef þau eru í boði við móttökustofnunina.
- + Móttökustofnunin þín fer ekki fram á **greiðslu** vegna skólavistar, innritunar, prófa eða aðgangs að rannsóknarstofum eða bókasöfnum meðan á dvöl þinni stendur. Hins vegar gætir þú þurft að greiða lægri gjöld á sama grundvelli og aðrir nemendur vegna kostnaðar í tengslum við tryggingar, stúdentafélög eða efnis- eða tækjakaup tengd náminu.
- + **Námssstyrkur** þinn eða **námslán** sem þú færð frá heimalandi þínu á að haldast óskertur meðan þú dvelur erlendis.
- + Þú getur aðeins **farið fram á breytingar** á námssamningi í undantekningartilfellum og innan þess frests sem settur er af heimaskóla þínum og móttökustofnun. Ef þú gerir það verður þú að ganga úr skugga um að báðar stofnanirnar samþykki breytingarnar innan tveggja vikna frá því að þú ferð fram á þær og að halda til haga gögnum þar sem samþykkið kemur fram. Ef þú hyggst framlengja skipti- eða starfsnámið ber þér að fara fram á það að minnsta kosti einum mánuði fyrir upphaflega áætlaðan lokadag.

## 3. skref: Eftir að skipti- eða starfsnáminu lýkur

- + Þú hefur rétt á því að heimaskólinn þinn **meti til fulls** það nám sem þú hefur lokið á fullnægjandi hátt meðan á dvölinni stóð í samræmi við námssamninginn.
- + Ef þú varst skiptinemi sendir gestaskólinn **einkunnaspjald** til þín og heimaskólans þíns þar sem námsárangur kemur fram með upplýsingum um einkunnir og einingar (oftast innan fimm vikna frá því að niðurstöður hafa verið gerðar konnar). Frá því að þú færð þessa staðfestingu líða í mesta lagi aðrar fimm vikur þangað til þú færð upplýsingar frá heimaskóla um það hvernig matinu á skiptináminu er háttað. Ef heimaskólinn þinn er í einu af þáttökulöndum Erasmus+ mun námsárangurinn sem er metinn (til dæmis námskeið) birtast í skírteinisviðaukanum þínum eða sambærilegu skjali við brautskráningu.
- + Ef þú varst starfsnemi færðu staðfestingu þess efnis frá móttökustofnuninni, þar sem fram koma þau viðfangsefni sem þú sinntir, mat á starfsnáminu, og – ef gert var ráð fyrir því í námssamningi – einkunnaspjald. Ef starfsnámið var ekki hluti af námskrá

geturðu beðið um að fá það birt í Europass starfsmenntavegabréfinu. Ef þú ert skráð/-ur í háskólanám í landi sem tekur þátt í Bologna ferlinu mun starfsnámið þitt einnig birtast í skírteinisviðaukanum. Ef starfsnámið er tekið eftir útskrift er mælt með því að Europass starfsmenntavegabréfið sé notað.

- + Ef þú ferð til annars þáttökulands Erasmus+ muntu láta meta tungumálafærni þína á netinu, ef það er í boði fyrir aðal tungumálið í skipti-/starfsnáminu, til að hægt sé að fylgjast með því hvernig hún hefur aukist meðan á dvölinni stóð
- + Þér ber að fylla út lokaskýrslu svo að heimaskóli, móttökustofnun, Landskrifstofa og Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fái upplýsingar um **reynslu þína af Erasmus+**.
- + Þér er boðið að ganga í “Erasmus+ student and alumni association” og þú ert hvattur/hvött til að **deila reynslu þinni** af Erasmus+ með vinum þínum, samnemendum, starfsfólki og fjölmiðlafólki, og leyfa þannig öðrum að njóta góðs af þesari upplifun, þar á meðal nemendum í grunn- og framhaldsskólum.

### Ef vandamál koma upp:

- Fáðu skýra mynd af vandamálinu og athugaðu réttindi þín og skyldur samkvæmt styrksamningnum.
- Í heimaskóla þínum og móttökustofnun starfar fólk við að aðstoða Erasmus+ stúdenta. Tengiliður þinn eða ábyrgðaraðili í heimaskóla eða móttökustofnun – eftir því hvers kyns vandamálið er og hvenær það kemur upp – getur orðið þér að liði. Þú finnur nöfn og frekari upplýsingar í námssamningnum þínum.
- Ef þú telur nauðsynlegt að áfrýja málinu skaltu gera það eftir formlegum leiðum heimaskólans.
- Ef heimaskóli þinn eða móttökustofnun sinnir ekki þeim skyldum sem þessar stofnanir hafa skuldbundið sig til að uppfylla samkvæmt Erasmus Charter for Higher Education eða í styrksamningnum við þig getur þú haft samband við Landskrifstofuna þína.

<sup>1</sup> [https://ec.europa.eu/programmes/erasmus-plus/programme-guide/part-a/who-can-participate/eligible-countries\\_en](https://ec.europa.eu/programmes/erasmus-plus/programme-guide/part-a/who-can-participate/eligible-countries_en)